

Auglýsing um friðlýsingu við Miklavatn, Skagafjarðarsýslu.

Samkvæmt heimild í 24. gr. laga nr. 47/1971 um náttúruvernd hefur [Umhverfisstofnun] fyrir sitt leyti ákveðið að friðlýsa landsvæði við Miklavatn í Skagafjarðarsýslu og er svæðið friðland.

*Mörk svæðisins eru þessi: Úr NA-horni Borgarinnar (Sjávarborgar) eftir landamerkjagirðingu milli Sjávarborgar og Sauðárkróks að girðingu vestan nýja flugvallarins og síðan með þeirri girðingu að Víkinni, þá með norðurbakka Víkurinnar í Héraðsvötn. Að austan ræður vesturbakki Héraðsvatna með þeirri undantekningu að allir hólmar og eyjar í Vötnunum, sem tilheyra Sjávarborg, koma innan friðlandsins. Að sunnan ráða landamerki Grænhóls/Sellands og Pyttagerðis, Víkur/Útvíkur og Ögmundarstaða að Sæmundará (Staðará), síðan ræður áin að Kúavöðum en þaðan skurður út í Miklavatn. Að vestan fylgja mörkin vatnsbakkanum í Tangavík en þaðan fylgja þau Bríkum að mörkum Kimbastaða og Borgargerðis en þaðan bein lína í suðurenda Borgarinnar (Sjávarborgar).*

*Um friðlandið gilda þessar reglur:*

Óheimilt er að breyta landslagi friðlandsins eða vatnsborði stöðuvatna eða straumvatna. Öll mannvirkjagerð er óheimil í friðlandinu nema samkvæmt samningum milli ábúenda og [Umhverfisstofnunar] eða með sérstöku leyfi umsjónaraðila. Gildir þetta um byggingar, skurði, vegi, girðingar o.s.frv. Heimilt er þó að halda við þeim mannvirkjum sem fyrir eru á svæðinu við friðlýsingu og reisa skýli sem nauðsynleg teljast vegna beitarnýtingar.

Friðlandið má aðeins nýta á sama hátt og tíðkast hefur, svo sem til beitar, slægna og veiði í vötnum. [Umhverfisstofnun] getur sett nánari reglur um nýtingu landsins í samráði við ábúendur. Bannað er að fara með skotvopn í friðlandinu (nema til eyðingar meindýra). Bannað er að granda fuglum eða skemma hreiður þeirra. Eggjataka er aðeins heimil ábúendum skv. gildandi lögum um fuglafriðun. Varast ber að skerða gróður eða valda truflunum á dýralífi.

Öll umferð óviðkomandi fólks um friðlandið er bönnuð á tímabilinu frá 15. maí til 1. júlí nema leyfi viðkomandi ábúanda komi til. Ekki má nota vélknúin tæki í friðlandinu nema í sambandi við hefðbundna nýtingu þess (beit, heyskap, veiði). Hraðbátar eru bannaðir á vötnunum.

Náttúruverndarnefnd Skagafjarðar hefur umsjón með friðlandinu fyrir hönd [Umhverfisstofnunar] og getur veitt undanþágur frá ákvæðum 2.-5. gr., ef brýn ástæða þykir til, með samþykki [Umhverfisstofnunar].

Um viðurlög vegna brota á reglum þessum fer eftir ákvæðum náttúruverndarlaga.

Ráðuneytið er samþykkt friðlýsingunni sem tekur gildi við birtingu þessarar auglýsingar í Stjórnartíðindum.

Menntamálaráðuneytið, 11. janúar 1977.

Vilhjálmur Hjálmarsson

---

Birgir Thorlacius